

BADMINTONSAMBAND ÍSLANDS

BADMINTON ICELAND

Íþróttamiðstöðinni Laugardal, Engjavegi 6, 104 Reykjavík

Sími: 514 4045 bsi@badminton.is, www.badminton.is



Helstu breytingar á mótareglum frá 5. september 2022;

- **1. grein** - Ákveðið að taka út ~~”Þá er einnig hægt að leita til mótanefndar BSÍ ef þörf er á útskýringum á reglum þessum”~~
- **3. grein**
 - 3.3** - Ákveðið að taka út.
 - 3.8 (áður 3.9)** - Ákveðið að breyta 3.9.6 í 3.8.1, 3.9.6.1 í 3.8.2 og 3.9.7 í 3.8.3.
 - 3.8.4 - 3.8.6 nýjar greinar;** - Ákveðið að skilgreina betur og skýrar hverjir mega spila í hvaða deild;
 - 3.8.4 Úrvalsdeild**
 - 3.8.4.1** **”Allir leikmenn hafa heimild til að skrá sig / keppa í Úrvalsdeild”**
 - 3.8.4.2** **”Þeir leikmenn sem skráðir eru í Úrvalsdeild á síðasta útgefna styrkleikalista í hverri grein, hverju sinni, verða að spila í Úrvalsdeild.**
 - 3.8.4.3** **„Úrvalsdeildarleikmenn sem verða 40 ára á árinu og eldri mega spila í 1. deild.**
 - 3.8.5 1. deild**
 - 3.8.5.1** **„Þeir leikmenn sem eru skráðir í 1. deild á síðast útgefna styrkleikalista í hverri grein, hverju sinni, eiga að spila í 1. deild en geta þó valið að spila í Úrvalsdeild kjósi þeir það frekar.**
 - 3.8.6 2. deild**
 - 3.8.6.1** **„Leikmaður hefur ekki þátttökurétt í 2. deild ef:**
 - 3.8.6.1.1** **„Leikmaður hefur verið færður upp í efstu deild þ.e. Meistaraflokk þegar það var og hét á einhverjum tímamarki.**
 - 3.8.6.1.2** **„Leikmaður hefur unnið sig upp í Úrvalsdeild samkvæmt styrkleikalista á einhverjum tímamarki.**
 - 3.8.6.1.3** **„Leikmaður hefur orðið Íslandsmeistari í A flokk / 1. deild.**
 - 3.8.6.2** **„Leikmenn 55 ára á árinu og eldri geta ávallt spilað í 2. deild.**
 - 3.10 (áður 3.12)** - Ákveðið að halda þessari grein inn „Leikmaður þarf að vera kominn í U15 í unglingaflokkum til að hafa þátttökurétt fullorðinsmóti“
 - 3.11** - Ákveðið að taka út.

BADMINTONSAMBAND ÍSLANDS

BADMINTON ICELAND

Íþróttamiðstöðinni Laugardal, Engjavegi 6, 104 Reykjavík

Sími: 514 4045 bsi@badminton.is, www.badminton.is



- 3.13 - Ákveðið að taka út.
- 3.14 - Ákveðið að taka út.
- 4. grein
 - 4.1 - Ákveðið að taka út ~~„sem ber að fylgja“~~ í fyrstu málsgrein og bæta við „**Á heimasíðu BSÍ eru upplýsingar um það sem þarf að koma fram í mótsoði, tilmæli BSÍ til mótstjórna, og minnislisti fyrir mótshaldara. Þar er einnig gagnaöflunarskjal fyrir mótshaldara og BSÍ. BSÍ hvetur félög innan BSÍ, sem ætla halda mót, að nýta sér þessi gögn.**
 - 4.7.1 - Ákveðið að taka út ~~„í unglingaflokkum“~~.
 - 4.8 - Ákveðið, í annarri málsgrein, að taka út ~~„mótið hefst“~~ og bæta við staðinn „**byrjað er að spila í floknum**“.
- 6. grein
 - 6.2.4 – breytt í 6.2
 - 6.2.4 (villa í númerum, var x2) – breytt í 6.3.2
 - 6.2.5 (og 6.2.5.1 og 6.2.5.2) – Ákveðið að taka út.
 - 6.3.6 - Ákveðið að útskýra regluna betur. „Ef einstaklingur spilar upp fyrir sig, og ~~vinnur fær hann þau stig, annars þau stig úr sínum flokk.~~ **fær hann stig samkvæmt þeim flokki sem hann er skráður í. Eina undantekning er að ef einstaklingur sigrar flokkinn sem hann spilar í upp fyrir sig, þá fær hann stig úr þeim flokki sem hann sigraði.**“
 - 6.3.7 – Ákveðið að breyta í **20 sæti** í einliðaleik karla og **10 sæti** í einliðaleik kvenna.
 - 6.3.9 – Ákveðið að bæta við „**Ef 4 eða færri eru í einhverri grein, þá á þetta einungis við um sigurvegarann en ef 5 eða fleiri þá á þetta við þá sem léku til úrslita.**“
 - 6.10 (ný grein) - „**BSÍ heldur utan um A flokks leikmenn unglunga og birtir á heimasíðu BSÍ.**“
- 7. grein
 - 7.3 (ný grein) „**Ef fjórir eða færri leikmenn / lið spila í einhverri grein, þá gildir ekki reglan um þátttökustig heldur fá þátttakendur stig sem samsvarar þeim sætum sem þeir lenda í.**“
- 8. grein
 - 8.1 - Ákveðið að hækka upp í 300 stig (frá 200), á BWF styrkleikalista.
 - 8.2 - Ákveðið að breyta reglunni „Ef keppendur / pör eru jafnir / jöfn að stigum skal raða þeim / því ofar sem fékk fleiri stig **að meðaltali í viðkomandi keppnisgrein á síðustu þremur mótum. Ef það dugar ekki þá meðaltal síðust fjögurra móta o.s.frv.**“
- 9. grein
 - 9.2 - Ákveðið að laga orðalagið. „**Eskilegt er að dómara** ~~skulu~~ hafi lokið

BADMINTONSAMBAND ÍSLANDS

BADMINTON ICELAND



Íþróttamiðstöðinni Laugardal, Engjavegi 6, 104 Reykjavík

Sími: 514 4045 bsi@badminton.is, www.badminton.is

viðurkenndu dómaraámskeiði á vegum Badminton sambands Íslands, Badminton Europe eða Badminton World Federation.“

9.6 - Ákveðið að bæta við greinina „Mótsstjórn getur óskað eftir aðstoð keppenda við talningu **og línuvörslu**, einkum þegar sá leikmaður hefur lokið leik. Viðkomandi leikmanni er skylt að verða við þeirri ósk.“

9.7 (ný grein) - „Í öllum leikjum þar sem mótsstjórn hefur ekki skipað / sett upp teljara gildir eftirfarandi:“

9.7.1 Þar sem eru riðlar þá er það sigurvegari leiksins sem telur næsta leik á sama velli.

9.7.2 Í útslætti er það taparinn í síðasta leik sem telur á sama velli.

9.7.3 Í tvíliða / tvenndarleik þarf parið að vera fljótt að koma sér saman um hvor telur svo mótið tefjist ekki að óþörfu.

9.7.4 Í unglingsflokkum er það á ábyrgð félaganna, þjálfara, foreldra / forráðamanna að viðkomandi leikmaður sé tilbúinn að telja næsta leik.

9.7.5 Það er bannað að yfirgefa salinn fyrr en leikmaður hefur sinnt teljaraverkefni þínu.

9.7.6 Í síðustu umferð í riðlakeppni, þar sem ekki er haldið áfram í útslátt, þarf leikmaður að finna annan aðila (annan iðkanda úr klúbbnum, foreldri o.s.frv) til að telja næsta leik svo að verðlaunaafhending seinki ekki að óþörfu.

➤ **10. grein**

10.2 - Ákveðið að breyta reglunni um tilsögn í unglingsflokkum;

➤ Unglingsflokkar: Aðstoðarmenn / þjálfarar mega einungis segja til á milli lota.

➤ **11. grein**

11.2 (ný grein) - „Ekki þarf að tilkynna um félagaskipti leikmanna á 18. aldursári og yngri.“

11.5 (ný grein) - „Ef um nýskráningu íslensk leikmanns er að ræða þá er hann strax löglegur til keppni fyrir sitt félag.“